

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 20. desember 2022

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Skrifstofa fjármálamarkaðar

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, mál nr. 244/2022.**

Bændasamtök Íslands leggja til eftirfarandi breytingu á reglugerðardrögunum, 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

*„Með íbúð samkvæmt lögum nr. 111/2016 er átt við fasteign sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem og lögbýlisjörð sem þegar er í búrekstri eða ætluð er til búrekstrar. Eigandi íbúðar í skilningi laganna telst einungis sá sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.“*

**Staða ungra bænda**

Staða þess unga fólks sem vill hefja búskap er í mörgu sambærileg við stöðu ungs fólks vegna kaupa á fyrstu íbúð þar sem í báðum tilvikum er um að ræða aðgerðir einstaklinga til að eignast húskjól fyrir sig og fjölskyldu sína. Staða þessa hóps hefur verið erfið þar sem kröfur eru gerðar um hátt eiginfjárframlag við kaup á fyrstu bújörð. Þannig er full þörf á því að stjórnvöld gæti þess að ívilnandi aðgerðir sem finna má stoð í lögum nýtist öllum sambærilegum hópum á grundvelli sjónarmiða um jafnræði sem og að slíkar aðgerðir tali beint inn í byggða- og atvinnustefnu út um allt land. Með slíku úrræði er einnig byggt undir að búskap sé viðhaldið á bújörðum með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á fæðuöryggi þjóðarinnar.

**Er þörf á lagabreytingu?**

Til að skýra réttarstöðu aðila væri heppilegast að gerð væri breyting á ákvæðum laga nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, en þó er það afstaða Bændasamtaka Íslands að framangreind breyting á reglugerðinni sé í samræmi við tilgang laganna og að slík útfærsla sé því heimil á grundvelli heimildarákvæðis 2. mgr. 6. gr. laganna.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur